

200 ákvæði skal þó haldast æfinlega, að aðeins börn, sem heimilisföst eru í Sveinsstaða-
13. des. hreppi, eins og hann er nú, verði aðnjótandi styrks eða verðlauna úr sjóðnum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

P. t. Reykjavík, 5. nóv. 1949.

Filippus Vigfússon.

201

19. des.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 79 26. maí 1942, um breyting
á hafnarreglugerð Siglufjarðar, nr. 61 18. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 12. flokki í 9. gr. auglýsingarinnar komi:
13. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hvert tonn:

Brennsluolía (fuelolía).

Gjald þetta innheimtist án viðauka.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1949, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Páll Pálmason.

202

22. des.

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum vátryggingarfjárhæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

I. Búfé, sem skylt er að vátryggja (kynbótagripir):

Kynbótanaut, þar með taldir tarfkálfar, sem ætlaðir eru til kynbóta ..	1 %
Kynbótahestar	2,7 %
Hryssur (á kynbótabúum)	2,25 %
Hrútar	4,25 %
Ær, að meðtöldum gimbrum settum á vetur	3,5 %

II. Búfé í frjálsri tryggingu:

a. Gegn vanhöldum:

Kýr	7 %
Naut	1 %
Hrútar	4,25 %